

1863.

10. marzm.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um útásetningar við reikninga kirkjunnar á Ingjaldshóli.

Það dómsmálastjórnin hefir furðað sig á að sjá af 3. útásetningagrein við reikning Ingjaldshóls kirkju fyrir fardagaárið 1857—1858 og 4. útásetningagrein við reikning kirkjunnar fyrir fardagaárið 1858—1859, fyrir hversu hátt verð S. Jacobsen snikkari, sem þá var fjárhaldsmaður hennar, hefir keypt nauðsynjar hennar, þá þykir stjórnarráðinu við eiga að skora hérmeð á yður, herra amtmaður, að skýra þeim manni, sem nú er fjárhaldsmaður kirkjunnar, frá þessu og bjóða honum að láta sér framvegis vera annst um að fá það, sem kirkjan þarf á að halda, fyrir svo gott verð, sem unnt er.

10. marzm.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1863—64.

Með bréfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárlögum fyrir fjárhagsárið 1863—64, er út komu 29. desemberm. f. á., ásamt athugasemdunum við frumvarpið til laga þessara, og eptirriti af fylgiskjali, er þartil heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland; einnig fylgir hér með eitt exemplar af lögum 19. janúarm. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

Um þetta efni skal nú yfir höfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 31. maím. 1855, 1. grein, án þess nokkra sérstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina og án þess